

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Thorsil ehf. Helguvík, Reykjanesbæ



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	13.9.2018	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Einarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Thorsil ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Einar Halldórsson
<b>Heimili</b>	Berghólabraut 8	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	500210-1250	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Hákon Björnsson	<b>ÍSAT nr.</b>	09.90.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Reglubundið eftirlit með Thorsil ehf. var haldið á Umhverfisstofnun en daginn áður fóru eftirlitsmenn og könnuðu aðstæður á verksmiðjulóð í Helguvík. Staðfest var að framkvæmdir eru ekki hafnar. Stefnt er að gangsetningu á 2. ársfjórðungi 2021. Eitt frávik kom fram í eftirlitinu um sein skil á núllskýrslum vegna græns bókhalds og útstreymisbókhalds.

## UMFANG EFTIRLITS

Reglubundinn eftirlitsfundur var haldinn á Umhverfisstofnun en eftirlitsmenn fóru í Helguvík daginn áður og könnuðu aðstæður á verksmiðjulóðinni. Framkvæmdir við verksmiðjuna eru ekki hafnar.

Á fundinum kom fram að áætlað er að gangsetja verksmiðjuna á 2. ársfjórðungi 2021. Stefnt er að leggja umhverfisvöktunaráætlun fyrir Umhverfisstofnun til samþykktar a.m.k. 18 mánuðum fyrir gangsetningu og hefja bakgrunnsvöktun a.m.k. 12 mánuðum fyrir gangsetningu.

Núllskýrslum vegna græns bókhalds og útstreymisbókhalds var skilað til Umhverfisstofnunar 6. júní sl. en þeim ber að skila fyrir 1. maí skv. tilheyrandi reglugerðum.

Rætt var um að halda samráðsfund rekstraraðila, Umhverfisstofnunar, Heilbrigðisnefndar og sveitarstjórnar Reykjanesbæjar tímalega fyrir gangsetningu.

Minnt var á gagnaskil vegna losunarbókhalds gróðurhúsalofttegunda (ETS) sem standa þarf skil á fyrir gangsetningu sem og skráningar efna í REACH.

Þá kom fram að Hákon Björnsson tæki við sem tengiliður rekstraraðila við Umhverfisstofnun af Axeli Val Birgissyni.

### Frávik frá

grein 4.8 í starfsleyfi

### Lýsing á frávik

Núllskýrslum vegna útstreymisbókhalds og græns bókhalds var skilað 6. júní en þeim ber að skila fyrir 1. maí skv. tilheyrandi reglugerðum. Þar sem gögnin hafa borist verður ekki farið í eftirfylgni vegna þessa.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 01.10.2018

*Halla Einarsdóttir*

Halla Einarsdóttir